

Þingsályktun um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu.

Þingskjal 273 – 211. mál.

***Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1032
komudagur 30.1.2014***

Umsögn Félags skógareigenda á Suðurlandi

Stjórn Félags skógareigenda á Suðurlandi fagnar framkominni tillögu og því tækifæri sem hún gefur fyrirheit um, varðandi eflingu skógargeirans.

Skógrækt er ný atvinnugrein, sem þarf að hlúa að og efla, enda fylgja henni mörg tækifæri, nýir atvinnumöguleikar vel menntaðs fagfólks á ýmsum sviðum, stóruáætlun rannsókna og óþrjótandi hugmyndir varðandi úrvinnslu afurða skógarins.

Kolefnisbinding er ein af mikilvægustu afurðum skógarins og er brýnt að fagleg og nákvæm mæling hennar verði eðlilegur þáttur allrar umræðu um skógrækt á Íslandi.

- a. Varðandi rannsóknar- og þróunarstarf, er mikilvægt að það haldist í hendur við vöxt greinarinnar. Aukinni skógrækt fylgir fjölbreytni og leit að hagnýtum lausnum. Mikilvægt er að þekking vísi veginn, þannig að koma megi í veg fyrir óþarfa áföll. Fagleg mæling kolefnisbindingar skiptir miklu máli, þannig að verðmæti hennar verði þekkt og metin til verðs.
- b. Mikil hagkvæmni felst í einfaldara stjórnskipulagi skógræktar og landgræðslu. Til greina kæmi til dæmis ein stofnun, með tvö svið. Annarsvegar rannsóknar- og þróunarsvið, þar sem byggt væri á þeirri miklu og verðmætu þekkingu sem þegar er hjá Skógrækt ríkisins og Landgræðslunni. Það svið hefði burði til að vera leiðandi í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst varðandi kolefnismál.

Hins vegar svið sem hefði með að gera skipulag skógræktar og landgræðslu, aðkomu opinberra aðila og umsjón með framkvæmdum og samstarfi við skógarbændur. Einnig stuðning við uppbyggingu atvinnugreinarinnar og úrvinnslu afurða og verðmætasköpun.

Mikilvægt er að í hverjum landshluta verði öflugar starfsstöðvar, sem sinni af alúð og metnaði þeim þáttum sem Landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa byggt upp.

Landshlutaverkefni í skógrækt eru metnaðarfull og fagleg verkefni sem sannað hafa gildi sitt. Verkefni er fimm, sjálfstæð rekin í fimm landshlutum. Ná mætti fram meiri hagkvæmni, markvissari stjórnun og auðveldari miðlun þekkingar, með einni yfirstjórn, sem skipulegði og bæri ábyrgð á öflugum starfsstöðvum, sambærilegum þeim sem eru í dag. Þannig mætti ná betri yfirsýn, samræmdari vinnubrögðum og enn betri árangri.

- c. Vera má að samræmd lög um skógrækt og landgræðslu, séu til bóta. Verði svo, er mikilvægt að hvor flokkur um sig fái skýra og vandaða umfjöllun og meðferð. Það er hins vegar mikilvægt, að samin verði ný lög um skógrækt og landgræðslu.
- d. Ef breytingar yrðu, eins og fjallað er um í b. lið hér að ofan, yrði skilgreint hlutverk þeirrar stofnunar, sem hefði með skógrækt og landgræðslu að gera og þar með yrði gerð rammaáætlun, varla til skemmri tíma en 5 ára, þótt æskilegra væri að miða við 10 ár, þar sem skipulag skógræktar er til lengri tíma og því betri sem áætlanir eru, því meiri hagkvæmni og árangur.

Minna má á, að skógarbændur eru alltaf tilbúnir til samstarfs varðandi farsæla uppbyggingu skógræktar og arðsemi atvinnugreinarinnar.

Selfossi, 30. janúar 2014,

f.h. Félags skógareigenda á Suðurlandi,
María E. Ingvadóttir, formaður félagsins